



Fundargerð hreppsnefndar 22. ágúst 2013

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 22. ágúst 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórunn Egilsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 4. júlí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 4. júlí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 14. júní sl.

Lögð fram fundargerð umhverfisnefndar frá 14. júní sl.

Varðandi 5. tl. var tekið undir ábendingar um lagfæringar á svæði umhverfis slökkvistöð.

Fundargerðin lögð að öðru leyti fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 8. júlí sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 8. júlí sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar, varðandi auglýsingu á starf tónlistarskólakennara, og gerði grein fyrir málinu.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál. Bréf formanns fræðslunefndar frá 29. júlí sl., varðandi lausn frá störfum.

Lagt fram bréf frá formanni fræðslunefndar, Helgu Jakobsdóttur, þar sem hún óskar eftir lausn frá störfum í nefndinni af persónulegum ástæðum.

Um leið og Helga er kvödd er henni þakkað fyrir vel unnin störf og óskað góðs gengis á öðrum vettvangi.

Tillaga kom fram um að kjósa tvo nýja varamenn í nefndina þ.e : “Fjóla Valsdóttir og Kristján Eggert Guðjónsson”.

Tillagan síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Bréf Haust dags. 3. júlí sl., varðandi starfsleyfi fráveitna.

Lagt fram bréf frá heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 3. júlí, varðandi starfsleyfi fráveitna. Í bréfinu er óskað eftir samvinnu við sveitarfélög á starfssvæði HAUST í þeim tilgangi að vinna starfsleyfi fyrir fráveitur þéttbýliskjarna.

Nokkrar umræður urðu um það hvernig heppilegast væri að vinna að framgangi þessara mála. Í því sambandi var vísað til skýrslu um þessi mál sem unnin var af Verkfræðistofu Austurlands.

Sveitarstjórn tekur vel í málaleitan þessa og mælist til að fljótlega verði komið á fundi með fulltrúum sveitarfélagsins og HAUST, þar sem farið verði yfir það hvernig best verður staðið að þessum málum.

6. mál. Samgöngunefnd SSA, kosning fulltrúa 1 aðal og annar til vara.

Lagt fram bréf Austurbrúar, þar sem óskað er eftir tilnefningum sveitarfélaga í sérstaka samstarfs- og samgöngunefnd.

Tillaga kom fram um fulltrúa Vopnafjarðarhrepps í nefndina:” Aðalmaður Þorsteinn Steinsson og varamaður Guðrún Anna Guðnadóttir.”

Fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál Aðalfundur SSA, kosning fulltrúa á fundinn 3 aðalmenn og 3 til vara. Aðalfundur SSA verður haldinn dagana 13. og 14. sept. nk. í Fjarðarbyggð. Tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélaganna á fundinn. Vopnafjarðarhreppur á rétt á 3 fulltrúum.

Tillaga kom fram um að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps á fundinum verði: “Aðalmenn: Bárður Jónasson, Sigríður Konráðsdóttir og Björn Hreinsson og til vara Fjóla Valsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson og Guðrún Anna Guðnadóttir.”

Fyrirliggandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Bremenports, samstarf, fundir og staða mála.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins, fundum og fyrirhugaðri framvindu mála. Allmiklar umræður urðu síðan um málið, þar sem fram kom að fulltrúar í sveitarstjórn töldu mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu, sem væri í gangi í þessum efnum.

Fram kom á fundinum að fulltrúar Bremenports munu koma til landsins 27. ágúst nk. og funda með fulltrúum sveitarfélaganna og öðrum ráðamönnum sem málið varðar.

Fundarmenn töldu einnig mikilvægt að kalla eftir sérstökum fundi með fulltrúm Langanesbyggðar varðandi þessi mál, þar sem nánar væri tekið á samstarfsvettvangi sveitarfélaganna á þessum vettvangi.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að framgangi málsins á grundvelli umræðna á fundinum.

9. mál. Innanríkisráðuneytið bréf dags. 31. júlí sl., varðandi framlag.

Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 31. júlí sl., varðandi uppgjör á framlagi, vegna lækkaðra fasteignagjalda. Í bréfinu kemur fram að heildarframlag til Vopnafjarðarhrepps á árinu 2013 er 37,7 m.kr.

Lagt fram til kynningar.

10.mál. Bréf Velferðarráðuneytisins frá 31. júlí sl., þar sem sendur er undirritaður samningur af ríkisins hálfu vegna Sundabúðar.

Lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins frá 31. júlí sl., þar sem ráðuneytið sendir undirritaðan samning um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar og heimahjúkrunar á Vopnafirði. Samningurinn hafði verið undirritaður af fulltrúum sveitarfélagsins og Velferðarráðuneytisins 17. apríl sl., en samþykki fjármálaráðuneytis vantaði.

Sveitarstjórn fagnar því að endanlegur samningur samþykktur af öllum málsaðilum liggi fyrir og hvetur sérstaka stjórn heimilisins sem skipuð er af sveitarstjórn til góðra verk í samvinnu við starfsfólk heimilisins, þar sem lagður verði grundvöllur að framtíðarrekstri heimilisins.

11. mál. Kaupvangur Vopnafirði, rekstraryfirlit, ársskýrsla 2012 og drög að nýjum samningi við Austurbrú(áður Þekkingarnetið)

Lagt fram rekstraryfirlit vegna Kaupvangs á Vopnafirði fyrir árið 2012 ásamt ársskýrslu, vegna starfseminar viðkomandi ár. Janframt lögð fram drög að nýjum samningi milli Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps um starfsstöð Austurbrúar á Vopnafirði.

Greint var frá því að nýr starfskraftur, Ása Sigurðardóttir, hefur verið ráðinn til starfsstöðvarinnar á Vopnafirði. Henni var óskað velfarnaðar í starfi.

Í máli sveitarstjóra kom fram mikilvægi þess að starfsemi þessi yrði tryggð á Vopnafirði. Mikilvægt væri því að ganga frá samningi við Austurbrú á grunni fyrirliggjandi draga og endurnýja samning við ríkisvaldið um áframhaldandi fjáframlög til starfseminnar í Kaupvangi.

Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi málsins og gerð nýrra samninga við Austurbrú og Menntamálaráðuneytið vegna starfseminnar.

12. mál. BM Vallá tilboð í hellur, vegna gangstéttarframkvæmda dags. 9. ágúst sl.

Lagt fram verðtilboð í hellur frá BM Vallá dags. 9. ágúst sl., vegna fyrirhugaðara hellukaupa til lagningar í miðbæ Vopnafjarðar.

Um er að ræða 15 gáma sem afhentir verða við bryggjukant á Vopnafirði. Heildarverð samkvæmt tilboðinu er 12,9 m.kr. með virðisaukaskatti og flutningi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu meðal annars fjámögnun og greiðslufyrirkomulagi. Lagði hann síðan til að sér yrði falið að ganga frá málinu til samræmis við fyrirliggjandi verðtilboð frá BM Vallá.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 samhljóða atkvæðum.

13. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerðir stjórnar SSA frá 11. júlí og 9. ágúst sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf Byggðastofnunar, vegna reglna til úthlutunar byggðakvóta til sjávarbyggða.

Kynntar voru hugmyndir að athugasemdum Vopnafjarðarhrepps varðandi úthlutunarreglur byggðakvótans eins og þeim er lýst í bréfi Byggðastofnunar. Athugasemdirnar lúta first og fremst að því að stærðarmörg byggðakjarna verði rýmri.

Sveitarstjóra falið að koma ábendingum Vopnafjarðarhrepps á framfæri við Byggðastofnun.

c) Umsókn um lóðarstækkun að Fagrahjalla 9, skv. bréfi dags. 9. ágúst sl.

Lagt fram bréf dags. 9. ágúst sl., þar sem óskað er eftir lóðarstækkun við lóðina Fagrahjalla 9, Vopnafirði.

Erindinu vísað til skipuags -og bygginganefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.26